

# ÁLYKTUNARTILLAGA DRÖG

UMBUN SKÁTAHÖFÐINGJA



Flutningsfólk: Huldar Hlynsson og Inga Auðbjörg K. Straumland

Lagt er til að skátahöfðingi fái greidda táknræna umbun fyrir þau verkefni sem inna þarf af hendi í embætti skátahöfðingja. Laun skátahöfðingja verði 150.000 kr. á mánuði, nánar skýrt í greinargerð.

## Greinargerð:

24. greinin í lögum Bandalags íslenskra skáta um ábyrgð stjórnar BÍS segir:

Skátahöfðingi er formaður stjórnar og leiðtogi alls skátastarfs. Stjórnin deilir með sér verkum.

Sameiginlega ber stjórn BÍS ábyrgð á:

- Að skátastarf á Íslandi sé í samræmi við landslög, Grunnildir BÍS, lög og reglugerðir Bandalags íslenskra skáta.
- Starfi stjórnarmanna, nefnda og ráða á hennar vegum.
- Öllum meiriháttar skuldbindingum og eignabreytingum og þarf samþykki stjórnarfundar fyrir þeim

Skátahöfðingi er andlit Skátanna út á við, stýrir verkefnum stjórnar, leysir ágreiningsmál og leiðir stefnumörkun. Verkefni skátahöfðingja eru víðtæk, margir fundir, innan og utan vinnutíma, framkoma á skátamótum og viðburðum utan hefðbundins vinnutíma, framkoma í fjölmíðlum, fyrirmyndarhátterni í persónulegu lífi og flókin úrlausnarefni. Verkefnin rúmast ekki innan reglulegra stjórnarfunda og því þarf að leggja fram töluverða sjálfböðavinnu til þess að leysa þau af hendi. Sú vinna fer fram innan sem utan hefðbundins vinnutíma, sem eykur álag bæði á einkalíf og atvinnu. Það myndi skapa aukið andrými í lífi skátahöfðingja ef viðkomandi gæti minnkað við sig í vinnu án þess að það hafi djúpstæð áhrif á tekjur fjölskyldunnar. Leggur því flutningsfólk til að skátahöfðingja verði greidd táknræn umbun sem kæmi til móts við það vinnutap sem hlutverkið krefst.

Hugmyndin er ekki að koma í stað fyrir tekjumissi, heldur vega upp á móti honum og skapa rými til þess að skátahöfðingi geti unnið störf sín að einhverju leyti utan þess tíma sem frátekinn er fyrir fjölskyldu og einkalíf. Þá er ljóst að slík umbun myndi aldrei ná utan um öll þau verk sem skátahöfðingi vinnur og því síður utan um það kvöld- og helgarálag sem embættinu fylgir.

Slík umbun skapar skýrari umgjörð um starf skátahöfðingja, ásamt því að virka sem jöfnunartækifæri, svo það sé ekki undir persónulegu fjárhagslegu baklandi eða fjölskylduhögum komið hvort fólk geti boðið sig fram til forystu í félaginu. Hlutverk skátahöfðingja á einnig að vera á færi þeirra efnaminni í samfélaginu, eða þeirra sem hafa fjölskyldu á sínu framfæri. Hlutverkið á að vera aðgengilegt öllum þeim sem þingfulltrúar Skátapings kjósa að fela þetta vald.

Það er mikilvægt fyrir félagasamtök eins og Skátana, sem þjónusta börn og ungmenni um allt land, að forystufólk brenni af ástríðu fyrir skátastarfi og geti veitt hlutverkinu þá alúð og athygli sem það krefst. Álagið er þó slíkt að hætta er á því að forystufólk brenni út. Það ætti því að vera keppikefli nútímalegra félagasamtaka að skapa starfsumhverfi sem nýtir



krafta sjálfboðaliða sinna og gefur þeim færi á að þróast í starfi, án þess að valda of miklu álagi.

Flutningsfólk tillögunnar leggur til að umbunin verði launagreiðsla, 150.000 kr. fyrir skatt. Upphæðin miðar við að starfshlutfall sé um 20% eða um 40 klst. á mánuði og þá um 3.750 kr á tímann fyrir skatt. Upphæðin taki breytingum í samræmi við breytingar á launum, t.d. kjarasamningum VR og Samtaka atvinnulífsins. Skátahöfðingi safni ekki orlofi eða veikindarétt, enda sé fyrst og fremst um táknræna greiðslu að ræða. Stjórn BÍS sjái um nánari útfærslu á því hvernig laun skátahöfðingja verði ákveðin til framtíðar.

Upphæðin er sambærileg öðrum félagasamtökum, mörg félög hafa formann í fullu starfi, svo sem stéttarfélög og stærri lífsskoðunarfélög, á meðan stjórnarformennska er sjálfböðastarf í öðrum. Greiðslan yrði ekki bundin við sérstakt starfshlutfall eða tímafjölda, en ætla má að hún myndi gera viðkomandi skátahöfðingja kleift að ráðstafa einum virkum vinnudegi í hlutverkið, auk þeirra skuldbindinga sem hlutverkið krefst utan vinnutíma.

Umbunarfyrirkomulag formanna nokkurra félaga:

- Samtökin '78 umbuna með að hámarki 150.000 kr. á mánuði
- Siðmennt, trúfélag/lífsskoðunarfélag, umbuna 150.000 kr. á mánuði
- Landsbjörg prófaði í eitt stjórnartímabil að greiða laun sem samsvöruðu um hálfum launum sveitarstjórnarmanns.
- Landvernd greiðir formanni 200.000 kr. á mánuði

Núverandi og fyrrverandi skátahöfðingjar hafa á undanförunum árum sinnt fjölmörgum verkefnum sem eru þess eðlis og í því magni að eðlilegt sé að greiða fyrir þau.

Við viljum öll að skátahöfðingi geti sinnt málum hreyfingarinnar með sóma. Í nútímasamfélagi er tíminn knappur og áætla má að Skátahöfðingi verji minnst einum vinnudegi á viku í skátastarfið, þá eru ótal kvöldfundir, útilegur og fleira ekki talin með.

Vert að taka fram að undirritaður fyrrum stjórnarmeðlimur setti frá 16. mars 2023 til 9. apríl 2024 að meðaltali 8,3 klst. á viku í stjórnarstörf og var aðeins meðstjórnandi, ekki skátahöfðingi, sem setur mun meiri tíma í starfið og þarf þar að auki að mæta á hina og þessa staði á almennum vinnutíma.

Einnig þá er þessi umræða þörf og ekkert víst að þessi tillaga sem lögð er fram hér sé besta mögulega útfærslan en með tillögunni er hægt að taka umræðuna og setja upp einhverskonar umbunarkerfi.

Vegna ofantalinna atriða telja undirrituð skynsamlegt að leggja fram þessa tillögu.